

## 88. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 21. janúar 2008 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Gísladóttir, Hrefna Frímansdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Erna Guðmundsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Anna Melsteð, foreldraráði GSS og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

#### 1.1. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- Jóladagskráin fór vel fram í leikskólanum. Allir ánægðir með hvað skólinn hentar vel, bæði fyrir foreldraföndrið þar sem koma mjög margir og eins fyrir helgileikinn.
- Mjög léleg mæting var á milli jóla og nýárs og því miður eru ekki allir foreldrar duglegir að láta vita af fríum barna sinna.
- Árið byrjaði mjög vel, í leikskólanum eru núna 66 börn í 436 dvalarstundum. Mjög góð nýting.
- Framundan er þorablót barnanna á bóndadaginn, 25. janúar. Svo verður haldið hefðbundið upp á bolludag, sprengidag og öskudag.
- Ásta talmeinafræðingur kemur 24. og 25. janúar.
- Leikskólinn fær græna og brúna tunnu til að flokka í.
- Undirbúningur að starfsmannaferð til Svíþjóðar er í fullum gangi og eru starfsmenn með tengilið í Örebro, sem er okkar vinabær. Dagskráin er ekki tilbúin, en í þessa ferð er mökum boðið með.
- Engin ákvörðun hefur verið tekin í sambandi við sumarlokun leikskólans.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

#### 1.2. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

1. Ákveðnir árherslupunktur til vors
  - Miðannarpróf/námsmat: 18. – 21. febrúar.
  - Námsferð 8. bekkjar að Laugum í Sælingsdal. Þriðja árið sem tekið er þátt í þessu verkefni.
  - Comeniusarverkefni GSS. Sella, Helga og Bogga fara til Finnlands fyrir hönd skólans í byrjun mars.
  - Þemadagar 5. – 10. bekkjar, 3. – 7. mars.
  - Leiklistarval í samstarfi við Tónlistarskóla Stykkishólms, frumsýnt verður föstudaginn 7. mars.
  - Þemadagar (í þrjá daga) 1. – 4. bekkjar. Þemadagarnir enda svo með árshátíð 1. – 8. b.

- Nemendaheimsókn frá Kolding í vor. Það koma krakkar sem heimsækja hér nemendur í 8. og 9. bekk.

Fyrirspurn kom fram um hvort að ekki yrði að árshátíð eldri nemenda. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn. Já hún verður og með svipuðu sniði og undanfarin ár. Spariklæðnaður og matur.

Fyrirspurn kom fram um hvort að nemendur í 5.-7. bekk tækju þátt í leikritinu. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn. Nei, ekki beint en að einhverju leiti. Það er sér leiklistaáfangi.

Fyrirspurn kom fram af hverju nemendur frá Kolding koma til 8. og 9. bekkjar. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurninni. Það er ósk þeirra utanfrá m.a. vegna kostnaðar.

Fyrirspurn kom fram um hvort að einhver tengsl væru komin á nú þegar hjá 8. bekk hér við krakkana í Danmörku. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurninni. Verið er að hrinda áttunda bekk af stað.

2. Útkoma samræmdra prófa í 4. og 7. bekk í GSS.
3. Skólaárið 2008 – 2009.
  - Skóladagatal. Búið er að kortleggja skóladagatalið.
  - Starfsmannaviðtöl hefjast innan tveggja vikna héðan í frá.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður fagnaði leiklistarnáminu.

Formaður spurði nánar út í samstarfið við Kolding. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurninni, samstarfið fer m.a. eftir kennara hvers bekkjar í senn. Í ár er að hefjast nýtt samstarf við nýjan skóla í Danmörku.

Formaður kallaði eftir viðbrögðum foreldra í fræðslunefnd sem eiga börn í 4. og 7. bekk varðandi útkomur úr samræmdum prófum.

Fyrirspurn kom fram um hvort að það hafi verið sömu þættirnir á samræmda stærðfræðiprófinu hjá 7. bekk eða þeir svipuðu sem komu illa út. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurninni játandi.

Umræða fór fram um samræmdu prófin og það sem þeim tengist.

## 2. Umsagnir um frumvörp til leikskóla og grunnskóla.

Grunnskólafrumvarp.

- 16.gr. Athugasemd. Vantar inn: að nemendur eigi rétt á að stunda nám í sínu eigin móðurmáli. (ef til vill reglugerðarákvæði).
- 39.gr. Athugasemd. Vantar inn: að staðla undirbúning fyrir alla skóla varðandi samræmd könnunarpróf.

Leikskólafrumvarp.

- Athugasemd: Til þess að festa leikskólann í sessi sem fyrsta skólastigið, hefði verið gott að sjá elsta árganginn með skólaskyldu í leikskólum, amk. 4 tíma.
- 2.gr. Gerð er athugasemd við breytt orðalag: *Markmið* þar sem „kristilegt siðgæði” er tekið út og „siðferðisvitund” sett í staðin.

Kristilegt siðgæði er hugtak sem mikið er notað í íslensku máli og er auðskilið, byggir á gamalli hefð og okkar menningu.

Frumvarp um menntun og ráðningu skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

- III kafli, 9.gr. Starfsréttindi og ráðningar í leikskólum.  
Gerð er athugasemd við „að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda leikskólakennara”.  
Þarna vantar algerlega nánari skilgreiningu á hvað þetta þýðir. Er verið að minnka kröfurnar?

## 3. Önnur mál.

- Tillaga frá Ingveldi Eypórsdóttur og Hrefnu Frímansdóttur frá 27. nóvember um að bréf og annað efni sem stílað er til Fræðslunefndar skuli sent til kjörinna fulltrúa með fundarboði var tekið sem sjálfsagðri ábendingu og hrint í framkvæmd fyrir síðasta fund Fræðslunefndar 10. desember sl. um erindi um kostnað við skólamáltíðir í Grunnskólanum.
- Fyrirspurn kom fram um hver staðan væri í skólastefnumálum Stykkishólmsbæjar. Sú vinna er í fullum gangi og á þeim á að vera lokið í mars.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.19.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari (sign).